

Hafnarreglugjörð

48
10. júní

fyrir Akureyrarkaupstað.

I. Þáttur.

Um takmörk hafnarinnar, stjórn, almenna reglu, notkun o. fl.

I. Kafli.

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Akureyrarhöfn takmarkast að norðan af beinni línu, sem hugsast dregin úr ysta Glerárós í Geldingsá. Innan nefndrar línu takmarkast hún af landinu umhverfis fjarðarbotninn á alla vegu.

II. Kafli.

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Bæjarstjórn Akureyrar hefir á hendi stjórn hafnarmálefna undir yfirumsjón stjórnarráðs Íslands.

Hafnarnefndin hefir á hendi framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd bæjarstjórnar.

3. gr.

Daglegar framkvæmdir og eftirlit annast bæjarstjóri í samráði við hafnarnefnd. Til aðstoðar hafnarnefnd skulu vera svo margir starfsmenn, sem þurfa þykir. Bæjarstjórnin skipar fasta starfsmenn eftir tillögu hafnarnefndar og setur þeim erindisbrjef, en hafnarnefndin getur sagt þeim upp eða vikið þeim frá, án þess til þurfi að koma samþykki bæjarsjórnar.

III. Kafli.

Um almenna reglu.

4. gr.

Bæjarstjóri sjer um að gætt sje reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni og ennfremur þeirra starfsmanna, er hann setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sjer órjettur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir bæjarstjóra, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurtelsi í starfi sínu.

1920

5. gr.

48
10. júní Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa eða öðrum störfum, sem þar eru framin.

6. gr.

Böð nálægt landi eða við bryggjur hafnarinnar eru bönnuð, nema með leyfi lögreglustjóra. Veiði með skotum og öll skot að óþörfu eru bönnuð 200 mtr. frá landi út á Pollinn.

7. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. — Í skipum sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós nema í eldavjel skipsins og á lögboðnum ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, sem unnið er að fermingu þeirra eða affermingu.

Alíti bæjarstjóri að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið, uns gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolú eða annað slíkt, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á landi hafnarinnar, nema með leyfi bæjarstjóra.

8. gr.

Á landi hafnarinnar má ekki smíða ný skip nje þjetta eldri skip eða gera við þau á annan hátt, nema með leyfi bæjarstjóra og með þeim skilmálum sem hann ákveður. Bannað er að leggja skipum upp í hafnarfjöruna, nema með leyfi bæjarstjóra.

9. gr.

EKKI MÁ KASTA ÚTBYRÐIS SEGLFESTU, ÖSKU, KOLUM EÐA NEINU ÖÐRU, ER VALDIÐ GETUR SKEMDUM Á HÖFNinni, frá skipum er þar liggja, nje flytja það úr landi út í höfnina.

EKKI MÁ HELDUR gera nein hafnarmannvirki við höfnina, nje breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og ekki heldur fylla upp nje dýpka út frá landi, nema leyfi bæjarstjórnar komi til.

IV. Kafli.

Um legu skipa og umferð þeirra á höfninni.

10. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ferma ekki nje afferma, mega aldrei leggjast svo á höfninni, að tálmi affermingu annara skipa og skulu þau í hvert skifti skyld að hlýða boðum bæjarstjóra eða starfsmanna hafnarinnar um hvar þau megi liggja eða leggjast. Aldrei mega nein skip liggja svo nærri bryggjunum að eigi sje nægilegt pláss fyrir önnur skip að komast að og frá.

Skipum eða bátum má ekki leggja svo, að það hindri eða tefji umferð um höfnina.

Nú tregðast eigandi við að hlýða boðum bæjarstjóra eða starfsmanna hafnarinnar um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni og getur þá bæjarstjóri látið gera það á kostnað og ábyrgð elganda.

11. gr.

Í sjerhverju skipi eða fari (að undanskildum skipum eða förum, sem hafa leyfi hafn-

arnefndar til að liggja mannlauð í lægi á höfninni) skal jafnan vera einn maður að minsta kosti, **48** er tekið gæti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær, hvort hefður á 10. júní að færa skipið eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

12. gr.

Eigi má festa skipum við bólvirki eða bryggjur, nema við festarhringana eða við festarstólpa. — Sju landfestar úr járni, skulu þær vera klæddar þar sem þær hvíla á bólvirkinu eða bryggjunni. Festum skal þannig komið fyrir að þær hindri sem minst umferð á bryggjunni eða bólvirkinu. Þyki þess eigi nægilega gætt, má krefjast að bætt sje úr því tafarlaust. Skylt er að hafa tryggar hlífar milli skips og bólvirkis eða bryggju, ef krafist er.

13. gr.

Gufuskip og önnur vjelarskip mega ekki láta vjelarnar ganga af svo miklu affli, að öðrum skipum eða hafnarvirkjunum stafi hætta af því.

Ekki má hleypa vatni á bryggjur eða bólvirki að óþörfu.

14. gr.

Ef skip lendir á grynningu eða sekkur þar sem það að álitni hafnarnefndar tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því má bæjarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eigandans, og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum ef nauðsyn krefur.

V. Kafli.

Notkun hafnarbryggjana.

15. gr.

Meðan bæjarstjóri eigi ákveður annað, hafa öll skip rjett til þess að leggjast við bryggjur hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu skip, að öðru jöfnu, sem sigla eftir fyrirfram ákveðinni og auglýstri ferðaáætlun og flytja póst, hafa rjett til þess að leggjast að bryggju þótt önnur skip liggi þar fyrir, og verða þau að víkja meðan hin eru afgreidd. Samskonar rjett hafa vjelskip fram yfir seglskip. Sje fermingu eða affermingu skips eigi haldið áfram með hæfilegum hraða að álitni bæjarstjóra, ber því að víkja fyrir öðrum skipum, ef hann krefst þess.

16. gr.

Ef nauðsyn ber til að skipum, sem ferma eða afferma við bryggjur eða bólvirki sje lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, sem utar liggja, yfir þilför hinna á þjálkabrum. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipanna, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipanna, sem nær liggja.

17. gr.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi og öðru slíku, er skylt að hafa nægilega sterka hlífðúka milli skipsins og bólvirkisins, bryggjunnar eða bátanna, svo að ekkert falli fyrir borð. Sje þess eigi gætt, getur bæjarstjóri stöðvað verkið, uns bætt hefir verið því, sem áfátt er.

48 Kjölfestu má eigi láta annarstaðar á lóðir eða mannvirki hafnarinnar en þar sem 10. júní bæjarstjóri vísar til.

18. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal afgreiðslumaður eða skipstjóri, ef þörf gerist, láta ræsta bryggju þá eða bólvirki, sem notuð hefir verið. Farist það fyrir, skal bæjarstjóri sjá um að það sje gert, en afgreiðslumaður eða skipstjóri greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

19. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða látnar í skip, mega ekki liggja á á bryggju eða bólvirki og eigi annarstaðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sjerstöku leyfi bæjastjóra. Skal flytja burt muni og vörur jafn-skjótt sem bæjarstjóri krefst þess. Sje það eigi gert, lætur bæjarstjóri gera það á kostnað og ábyrgð eiganda eða umboðsmanns hans.

VI. kafli.

Um geymsluskip og skip, sem lagt er í lægi.

20. gr.

Sjerstakt leyfi hafnarnefndar þarf í hvert sinn til þess að leggja megi á höfninni skipum, sem ætluð eru til geymslu eða lagt er í lægi og skal leyfið bundið því skilyrði að eigandi láti taka skipið upp, ef það sekkur eða sprengja það sundur, svo að það skemmi eigi höfnina og sje því eigi fullnægt innan hæfilegs frests, þá getur hafnarnefndin látið gera það á kostnað eiganda. Hafnarnefnd ákveður í hvert sinn hvar slíku skipi skuli lagt, hve traust legufærin skuli vera og hvernig þeim skuli vera fyrir komið. Nú sannar eigandi geymsluskips með vottorði tveggja óvilhallra manna, er útnefndir sjeu af hafnarnefnd, að skip hans sje svo þjett að ekki stafi nein hætta af hvað leka snertir, þó að það sje mannaust, þá er honum leyfilegt að leggja skipinu og láta það liggja án þess að menn sjeu á því á þeim tíma árs, er ekki verður heimtað ljós á skipum.

Ljós skulu tendruð á skipum þessum á þeim tíma árs, sem bæjarstjóri krefst. Liggi skipin fyrir utan ákveðið svæði, er einungis er ætlað skipum, sem lagt er í lægi, þá skal bæði tendra ljós og gera hljóðbendingar á þeim eftir þeim reglum, sem settar eru í alþjóða sjóferða-reglum fyrir skip, er liggja fyrir akkeri.

21. gr.

Meðan skip liggur mannaust á höfninni, skal ekki sjaldnar en einu sinni á viku fara út í það, til þess að líta eftir hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt sem auðið er.

Eigi ber hafnarsjóður neina ábyrgð á skipum þeim, er lagt er í lægi á höfninni.

II. þáttur.

Um hafnargjöld.

48

10. júní

VII. kafli.

Um lestargjald.

22. gr.

Öll skip, seglskip, gufuskip og vjelaskip, stærri en 12 smálestir, hvort sem þau eru tóm, eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestargjald í hvert sinn, sem þau leggjast við festar á höfninni, þó með þeim undantekningum sem síðar getur.

Ef ekki er öðruvísi ákveðið, greiðist lestargjaldið af nettóburðarmagni skipsins, talið í heilum tölum, en brotum skal sleppa.

23. gr.

a. Skip, sem eru eign búsettra manna á Akureyri og skrásett þar og ekki eru í millilandasiglingu, skulu greiða lestargjald (hafnargjald) einu sinni á ári, 0,75 kr. fyrir hverja smálest.

b. Innland fiskiskip og öll önnur skip, sem eru einungis í innanlandssiglingum, greiða 15 aura fyrir hverja smálest í hvert skifti, sem þau koma til hafnar. Þó ekki meira á ári en 1 kr. 50 au. fyrir hverja smálest.

c. Öll önnur skip, sem til hafnar koma, nema herskip, varðskip, skip sem hafa skírteini sem skemtiskip, skip sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, skip sem leita hafnar vegna sjóskemda, skulu greiða 20 au. lestargjald fyrir hvert tonn.

24. gr.

Hafi skipið legið á höfninni 14 daga, skal greiða lestargjaldið að nýju fyrir hverja 14 daga eða brot úr þeim. Hafi skipið verið tekið á land til viðgerðar, telst sá tími ekki með, sem það stóð uppi.

VIII. kafli.

Um ljósgjald.

25. gr.

Öll skip, sem koma til hafnar á tímabilinu frá 14. ágúst til 14. apríl og lestargjald greiða, skulu greiða ljósgjald þannig:

a. Skip, sem getur um í 23. gr. a. greiða 5 kr. á ári.

b. Skip, sem getur um í 23. gr. b. greiða 2 kr. í hvert skifti, sem þau koma til hafnar.

c. Öll önnur skip, greiði einn eyri fyrir hverja smálest, þó aldrei minna en 2 krónur í hvert skifti.

IX. kafli.

Um bryggjugjald.

26. gr.

a. Gjald af bryggjum bæjarsjóðs.

Hvert skip, sem legst við bólvirki eða bryggju, eða við skip, sem liggur við bryggju

48 eða bólvirki, skal greiða bryggjugjald af netto burðarmagni skipsins, talið í heilum tonnum, en 10. júní brotum skal sleppa.

Gjaldið skal greiða fyrir hvern hálfan sólarhring, eða hluta af hálfum sólarhring, 4 aurá af hverri smálest, þó aldrei minna en tvær krónur í hvert sinn. Varðskip eru undanþegin bryggjugjaldi.

b. Gjald af bryggjum einstakra manna.

Bryggjueigendur greiða ekkert gjald af sínum eigin fiskiskipum, eða öðrum fiskiskipum, meðan þau reka fiskveiðar frá Akureyri og leggja upp á þeirra eigin bryggjur. Flutningsskip og önnur gjaldskyld skip greiði samkvæmt gjaldskrá hafnarsjóðs $\frac{1}{3}$ í bryggjugjald.

27. gr.

Skipakviargjöld:

Þeir sem vilja fá skipum sínum lagt í skipakví vetrarlangt, snúi sjer til hafnarnefndar fyrir 1. sept. ár hvert.

Skipakviargjaldið fer eftir samningi.

X. kafli.

Um vörugjald.

28. gr.

Vörugjaldið skal greiða af öllum vörum og skepnum lifandi og dauðum, sem fermdar eru eða affermdar á höfninni, með þeim undantekningum og takmörkunum, sem um getur í næstu greinum.

29. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því eigi að leggjast á land nema um stundarsakir, greiðist að eins hálfu gjald.

Af vörum, sem settar eru á land og eiga að fara aftur með sama skipi, enda sju þær ákveðnar það samkv. farmskránni, greiðist ekkert gjald.

30. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

a. Umbúðir, sem endursendar eru.

b. Vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.

c. Bréfaþóstur og farangur ferðamanna.

d. Vörur, sem fluttar eru úr herskipi eða í herskip.

31. gr.

Vörugjaldið skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrám skipa við útreikning vörugjalds, og er skipstjóri skyldur að láta bæjarstjórn í tje eftirrit af farmskrá skips hans. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefir fermt eða affermt. Þyki bæjarstjóra ástæða til, getur hann hverær sem er látið akveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæðst gjald skal greiða af. **48**
10. júní

32. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vöruskrá tiltekur og gjald greiða eins og þar segir.

Ef vafi leikur á, í hverjum flokki skuli telja einhverja vöru, skal bæjarstjóri úrskurða, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

33. gr.

Vörugjaldskrá.

a. Aðfluttar útlendar vörur.

1. flokkur. Gjald 10 au. fyrir hver 100 kg.
Kol, salt, sement.
2. flokkur. Gjald 30 au. fyrir hver 100 kg.
Alskonar vefnaðarvörur,- skófatnaður,- leirvörur,- glysvarningur,- tóbak, eldspítur og þesskonar léttar vörur.
Allskonar ávextir,- lyfjavörur, niðursuðuvörur,- nýlenduvörur,- og slíkar vörur, sem reiknast eftir þyngd (ekki sykur).
3. flokkur. Gjald 15 au. fyrir 100 kg.
Aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd.
4. flokkur. Gjald 20 au. fyrir hvert fat.
Steinolía og aðrar olur.
5. flokkur. Gjald 2 au. fyrir tunnu.
Kjöt- og sildartunnur tómar, uppsettar og óuppsettar.
6. flokkur. Gjald 3 au. fyrir hvert teningsfet.
Trjáviður.
7. flokkur. Gjald 5 au. fyrir hvert teningsfet.
Allar aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.

b. Útfluttar innlendar vörur.

1. flokkur. Gjald 25 au. fyrir hver 100 kg.
Ull, ullarvörur, dúnn, fiður, hert skinn og sundmagi.
2. flokkur. Gjald 10 au. fyrir hver 100 kg.
Aðrar afurðir, sem reiknast eftir þyngd.
3. flokkur. Gjald 15 au. fyrir tunnu.
Kjöt.
4. flokkur. Gjald 5 au. fyrir tunnu.
Sild.
5. flokkur. Gjald 2 au. fyrir hvert teningsfet.
Rjúpur og aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
6. flokkur. Gjald 50 au. fyrir stykkið.
Hestar og nautgripir.
7. flokkur. Gjald 10 au. fyrir stykkið.
Kindur.

48
10. júní

XI. Kafli.

Um ýms gjöld til hafnarinnar.

34. gr.

Fyrir að leggja skipi í fjöru hafnarsjóðs til hreinsunar eða aðgerðar skal greiða 8 au. af hverju tonni af nettóburðarmagni skipsins fyrir hvern sólarhring eða hluta af sólarhring, þó aldrei minna en 2 kr.

35. gr.

Fyrir að leggja vörur á land hafnarinnar skal greiða 2 au. fyrir hvert stykki, sem ekki er flutt burt innan sólarhrings. Gjaldið reiknast fyrir hverja 24 kl. eða brot úr þeim. Gjald fyrir stærri stykki fer eftir samkomulagi.

36. gr.

Fyrir lóðir hafnarinnar, geymsluhús og tæki, sem leigð eru einstökum mönnum eða fjelögum um lengri tíma, skal greiða gjald, sem ákveðið verður með samningi.

37. gr.

Fyrir kjölfestu greiðist gjald, sem bæjarstjóri ákveður í hvert sinn.

38. gr.

Vjelbátar — minni en 12 smálestir — greiða sem hafnargjald, bryggjugjald og ljósgjald 5 kr. í hvert skifti, sem þeir koma til hafnar, eða 10 kr. eitt skifti fyrir öll á ári. Vjelbátar, sem eiga heima á Akureyri, greiða 10 kr. árlegt gjald.

XII. Kafli.

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

39. gr.

Hafnargjaldkeri sjer um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans.

40. gr.

Skipstjóri eða formaður á bátum, ber ábyrgð á greiðslu lestargjalds, bryggjugjalds, vitagjalds, fjörugjalds og kjölfestugjalds. Ef enginn skipstjóri eða formaður er á fleytunni, ber eigandi fleytunnar ábyrgð á greiðslu gjaldanna. Hafnarsjóður hefir haldsrjett yfir fleytunni uns gjöldin eru greidd.

Að svo miklu leyti, sem ekki eru í reglugjörð þessari ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldunum, skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni.

Gjalddagi þeirra gjalda, sem greiðast eiga einu sinni á ári, er 1. júlí.

41. gr.

Gjald fyrir vörur, sem getur um í 35. gr., greiðir eigandi eða umboðsmaður hans hjer og hefir hafnarsjóður haldsrjett á vörunum uns gjaldið er greitt. Leigu samkv. 36. gr. greiðir samningsaðili. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa

skil á greiðslunni. Ef skip eða bátur hefir ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

48
10. júní

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið í höfnina, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip.

42. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugjörð má taka lögtaki.

III. Þáttur.

XIII. Kafli.

Ýms ákvæði.

43. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum lagaregtum.

Ef samningum verður ekki viðkomið um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af 3 óvilhöllum, dómkvóddum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður sje liðinn frá því að matsgerð var lokið. Yfirmat skal fram fara af 5 óvilhöllum, dómkvóddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, er þess hefir krafist, ef matsupphæðinni verður eigi breytt meira en sem neml 10⁰/₁₀ af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

44. gr.

Enginn, sem bakað hefir sjer refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem bæjarstjóri tekur gilda.

45. gr.

Enginn skipstjóri má vænta þess, að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá bæjarfógeta, nema hann með vottorði, frá bæjarstjóra sanni, að hann hafi borgað gjöld þau, er innheimtumaður hafnarinnar á að innheimta, svo og sektir og skaðabætur, sem honum ber að greiða.

46. gr.

Hverja þá skipun, sem samkv. reglugjörð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi, og eigi heldur umboðsmaður hans samkv. 11. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

47. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varðar sektum frá 10—500 kr., nema þyngri refsing liggvi við samkv. almennum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð Akureyrar.

48

10. júní

48. gr.

Með mál út af brotum á reglugjörð þessari skal farið með sem almenn lögreglumál.

49. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 10. júní 1920, og er þá um leið úr gildi numin hafnar-reglugjörð fyrir Akureyrarkaupstað frá 5. sept. 1895, svo og öll önnur ákvæði, sem kunna að koma í bága við reglugjörð þessa.

Reglugjörð þessi er hjermeð sett samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 10. júní 1920

Í fjarveru ráðherrans.

Oddur Hermannsson.

Vígfús Einarsson.

49

11. júní

Reglugjörð

um breyting á reglugjörð fyrir Árnæssýslu um fjall-kil, rjetta-höld, grenjaleitir o. fl. vestan Hvítár og Ölfusár 6. ágúst 1909, og annari breytingu á reglugjörð frá 1919

1. gr.

Síðasta málsgrein 11. gr. fjallskilareglugjörðar 1909 falli niður, en í stað málsgreinarinnar komi: Grímsness- og Laugardals greiði hvor um sig allan kostnað af refaveiðum hvor sínum hreppi, á sama hátt og aðrir hreppar vestan Hvítár.

2. gr.

Í stað 13. gr. eða þeirra ákvæða, sem komin eru í hennar stað samkv. breytingu á reglugjörðinni frá 20. maí 1919 komi ný gr. svohljóðandi: Allir fjáreigendur í hreppunum eru skyldir að reka allan fjenað sinn til afrjettar á sumrum nema nautgripi, tamin hross og fráfarðar ær. Þó er mönnum heimilt að hafa annan fjenað heima, ef þeir hafa sauðhelda girðingu fyrir hann í sínu landi. Hreppsnefnd getur veitt einstökum mönnum undarpágu frá þessari skyldu. Þó skal lögð áherslu á það, að Grímsnesingar reki sauðfje til afrjettar svo fljótt að vorinu til, sem hreppsnefnd álitur fært, og ráði rekstrarforingja fyrir hvern rekstur, sem rekinn er á afrjett Grímsnesinga.

3. gr.

Í stað breytingarákvæðanna frá 20. maí 1919 á 18. gr. reglugjörðarinnar komi á